GILDI
lífeyrissjóður

Starfsemi á árinu 2013

Raunávöxtun 5,5%

(Allar fjárhæðir í milljónum króna)

Efnahagsreikningur:	31.12.2013	31.12.2012
Verðbréf með breytilegum tekjum	130.262	111.199
Verðbréf með föstum tekjum	168.855	156.350
Veðskuldabréf	15.271	15.680
Bankainnstæður	19.157	18.978
Kröfur	1.830	1.135
Fasteign, rekstrarfjármunir og aðrar eignir	329	241
Skuldir	- 1.380	- 1.324
Hrein eign til greiðslu lífeyris	**334.324**	**302.259**

Breytingar á hreinni eign:	2013	2012
Iðgjöld	13.624	12.548
Lífeyrir	- 10.211	- 9.133
Framlag ríkisins vegna örorku	985	925
Fjárfestingartekjur	28.256	33.087
Fjárfestingargjöld	- 223	- 208
Rekstrarkostnaður	- 415	- 385
Aðrar tekjur	49	45
Hækkun á hreinni eign á árinu	32.065	36.879
Hrein eign frá fyrra ári	302.259	265.380
Hrein eign til greiðslu lífeyris	**334.324**	**302.259**

Kennitölur:	2013	2012
Hrein nafnávöxtun	9,1%	12,2%
Raunávöxtun	5,5%	7,4%
Hrein raunávöxtun	5,3%	7,3%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal)	2,9%	- 4,2%
Hrein raunávöxtun (10 ára meðaltal)	2,5%	3,4%
Eign umfram heildarskuldbindingar (%)	- 3,5%	- 4,4%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	26.772	26.073
Fjöldi launagreiðenda	4.330	4.168
Fjöldi lífeyrisþega	17.110	16.328

Afkoma

Hrein nafnávöxtun samtryggingardeildar sjóðsins á árinu 2013 var 9,1% sem jafngildir 5,3% hreinni raunávöxtun. Ávöxtun innlendra hlutabréfa var 18,8% og erlend hlutabréf hækkuðu um 9,3% í krónum. Erlend hlutabréf sjóðsins samanstanda af skráðum verðbréfum og óskráðum fjárfestingasjóðum. Til samanburðar hækkaði heimsvísitala hlutabréfa um 13,9%. Raunávöxtun skuldabréfa var 4,4%. Hrein eign samtryggingardeildar í árslok 2013 var 331,4 milljarðar króna og hækkaði um 31,9 milljarða frá fyrra ári. Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt eru eignir sjóðsins 3,5% lægri en heildarskuldbindingar í árslok 2013.

Eignir sjóðsins skiptast þannig: Innlend ríkistryggð skuldabréf eru 42,7%, erlend hlutabréf 24,9%, innlend hlutabréf 11,9%, veðskuldabréf 5%, önnur skuldabréf 9%, innlán 5,6% og fasteignasjóðir 1%.

Séreign

Hrein nafnávöxtun séreignardeildar sjóðsins var þannig: Framtíðarsýn I skilaði 8,9% ávöxtun, Framtíðarsýn II skilaði 6,7% og Framtíðarsýn III, sem er verðtryggður innlánsreikningur, skilaði 5,2%. Hrein raunávöxtun var á sama tíma 5%, 2,9% og 1,5%. Lífeyrisgreiðslur úr séreignardeild námu samtals 147 milljónum króna á árinu. Hrein eign séreignardeildar í árslok 2013 var 2.943 m.kr. og hækkaði um 179 m.kr. frá fyrra ári.

Ársfundur 2014

Ársfundur sjóðsins verður haldinn miðvikudaginn 30. apríl n.k. kl. 17.00 á Grand Hótel Reykjavík. Dagskrá fundarins verður auglýst síðar.

Stjórn sjóðsins:

Heiðrún Jónsdóttir, formaður
Elínbjörg Magnúsdóttir
Kolbeinn Gunnarsson
Þorsteinn Víglundsson
Harpa Ólafsdóttir, varaformaður
Hjörtur Gíslason
Konráð Alfreðsson
Þórunn Liv Kvaran

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Árni Guðmundsson

GILDI

Gildi - lífeyrissjóður
Guðrúnartúni 1
105 Reykjavík
Sími 515 4700
www.gildi.is
gildi@gildi.is